


DEILSKIPULAG FRÍSTUNDASVÆÐIS

Hleiðargarði, Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu
Mkv. 1/2000 og 1/10000



YFIRLITSUPPDRATTUR MKV. 1/10.000.

Greinargerð: Deiliskipulag þriggja fristundahúsa í einkalandi úr jörðinni Hleiðargarði Ey.

Þetta svæði var hluti af landi jarðarinnar Hleiðargarði og hefur verið aðskilið frá jörðinni eftir að hún var seld nýjum búrekstraraðila. Svæðið er girt og búfjárhelt.

1. **Almennt um skipulagssvæðið.**
Húsin eru staðsett ofan Þjóðvegur nr. 821 við norður landamerki jarðarinnar Hleiðargarðs. Einni lóð hefur þegar verið ráðstafað fyrir fristundahús. Eins og sést á uppdraði eru húsin staðsett í eins konar klasa þar sem mjög hagkvæmt er að koma þeim fyrir á tiltölulega flötu svæði.

Stærðir lóðanna eru 1600 fm en mjög stórt sameiginlegt svæði umlykur þær sérstaklega norðan- og norðvestanvert.

Landhalli er nokkur á öllu svæðinu, en húsin fara vel í landi séð neðan frá (þau gnæfa á engan hátt). Aðstæður til byggingar á þessum lóðum eru góðar og þægilegt að flytja aðföng.

Svæðið verður að öðru leyti nýtt til trjáplöntunar og nytjagróðurs.

2. **Samgöngur.**
Svæðið tengist með slóða frá Þjóðvegi nr. 821, sem er tengivegur og nefndur er Eyjafjarðarbraut vestri. Lítið sem ekkert þarf að gera til þess að bæta samgönguleiðir að húsum (malbera).

3. **Gönguleiðir.**
Gönguleiðir verða innan fristundasvæðisins.

4. **Mannvirki sem fyrir eru.**
Svo sem sjá má á uppdraði er eitt fristundahús komið á lóð við hliðina á svæðinu, norðaustanvert.


5. **Fyrirhugaðar framkvæmdir.**
Að gera þrjár fristundahúsalóðir byggingarhæfar til nýtingar fyrir lóðareigendur.

6. **Byggingarskilmálar.**
Húsin verða byggð úr úmbri, af stærðinni 45-70 fermetrar, með stökum jarðfestingum, punktsteypt. Þakhalli verur 25-40° og hámarkshæð frá gólfi verði eigi meiri en 4,8 m. Litaval verði í sem bestu samræmi við umhverfið, þ.e. ídekkur tímurlitur. Þak verður nokkru dekkra en útveggir. Staðsetning verði innan byggingarreits og mænisstefna í samræmi við teikningu.

7. **Önnur atriði.**
- Eignarhald: Lóðir verða í eigu landeigenda.
 - Vatn: Vatnsveita verður í umsjón eiganda. Stutt er í vatnsból.
 - Rotþró: Sameiginleg rotþró verður fyrir þau þrjú hús sem gert er ráð fyrir.
 - Rafmagn: Eigendur þurfa að kosta tengingu við rafmagn sé þess óskað.
 - Sorphirða: Sveitarfélagið sér um sorphirðingu.

Gert á Akureyri, 7-apr.-99. -Benedikt Björnsson.

ATH: Erindi þetta samanstendur af uppdraði nr. 990407 og greinargerð sem fylgir á teikningu.



DEILISKIPULAG MKV. 1/2.000.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, þann 23. apr. 1999.

F.h. sveitarstjórnar,

Bjarni Kristjánsson
Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.



Uppdráttur þessi hefur verið yfirfarinn af Skipulagsstofnun, þann _____, 1999.

F.h. Skipulagsstofnunar,

BENEDIKT BJÖRNSSON ARKITEKT
BORGARHLÍÐ 4 E, 603 AKUREYRI SÍMAR 462 4642
396 0492
DAGS.090499 MKV. 1/2000 1/10.000 NR. 990407
UNDIRSKRIFT *Benedikt Björnsson* RADNR. 1.